

Vopnafjarðarhreppur  
Þorsteinn Steinsson, Sveitarstjóri  
Hamrahlíð 15  
690 Vopnafjörður

**2001060064**  
7502; 9310

Reykjavík, 9. ágúst 2001  
/--

### **Efni: Brimvarnargarðar á Vopnafirði. Ákvörðun um matskyldu.**

Vísað er til erindis Siglingastofnunar dags. 24. júní 2001 þar sem Skipulagsstofnun er tilkynnt gerð brimvarnargarðs í Vopnafirði samkvæmt 6. gr. laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum og liðum 2 a og 10 h í 2. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði álits Vopnafjarðarhrepps, Heilbrigðiseftirlits Austurlands, Hollustuverndar ríkisins og Náttúruverndar ríkisins.

Umsagnir bárust frá Vopnafjarðarhreppi með bréfi dags. 10. júlí 2001, Heilbrigðiseftirliti Austurlands með bréfi dags. 13. júlí 2001, Hollustuvernd ríkisins með bréfi dags. 8. júlí 2001 og Náttúruvernd ríkisins með bréfi dags. 26. júlí 2001. Svör framkvæmdaraðila bárust með bréfi dags. 30. júlí 2001.

### **FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARAÐILA**

#### **Fyrirhuguð framkvæmd**

Um er að ræða gerð brimvarnargarðs við Vopnafjarðarhöfn. Vopnafjarðarhöfn nýtur skjóls af Skiphólma að sunnan og Miðhólma að norðan. Fyrir eru við Vopnafjarðarhöfn tveir brimvarnargarðar sem liggja báðir út að Miðhólma að norðanverðu. Sá ytri, sem tengist út í Miðhólma, er 700 m langur og brýtur megnið af ölduorkunni en sá innri sem er um 400 m langur kemur í veg fyrir hreyfingu sem kemst í gegn um ytri garðinn. Með þessum aðgerðum hefur náðst nokkuð gott skjól í nyrsta hluta hafnarinnar, en þó er talið að það sé ekki nægjanlegt þar sem mikil ókyrrð komi út með sundinu milli innri garðs og Miðhólma þegar öldur brotna yfir ytri garðinn.

Framkvæmdaraðili kynnir í framlögðum gögnum eina megintilhögun brimvarnargarðs við Vopnafjarðarhöfn, tillögu C, en önnur tillaga er kynnt til viðmiðunar, tillaga A2, en hún er ekki talin koma til greina.

Samkvæmt þeirri tillögu að brimvarnargarði sem hér er til umfjöllunar, tillögu C, er gert ráð fyrir tvískiptum garði. Annars vegar nái hann frá Miðhólma í norðri suður í Skiphólma og hins vegar úr Skiphólma suður í Helenuflúð. Þessi tilhögun tekur mið af nýrri bryggju til löndunar sem fyrirhugað er að byggja milli svonefndra Síldarbryggju og Miðbryggju innan Vopnafjarðarhafnar, en á því svæði er ókyrrasti hluti hafnarinnar vegna úthafsöldu sem berst inn í hana um sundið milli Miðhólma og Skiphólma. Önnur af tveimur núverandi innsiglingum í Vopnafjarðarhöfn er á milli Miðhólma og Skiphólma og myndi hún lokast við framkvæmdirnar og innsigling því eingöngu nýtt að sunnan inn með Skiphólma.

Fyrirhugað er að bygging brimvarnargarðanna fari þannig fram að efni verði ekið út eftir innri brimvarnargarðinum og sundinu út í Miðhólma lokað. Gerður verði um 100 m langur vegur með fjörunni landmegin á Miðhólma. Þá taki við um 360 m langur brimvarnargarður út í Skiphólma. Ekki hefur verið ákveðið hvernig best sé að koma efni í syðri garðinn frá Skiphólma í Helenuflúð, en til greina komi að byggja garðinn upp frá sjó eða frá landi með því að leggja bráðabirgða veg, annað hvort yfir Skiphólma sjávarmegin eða í fjörunni meðfram honum landmegin.

Efnisþörf fyrir brimvarnargarðana er áætluð um 160.000 m<sup>3</sup>, þar af 150.000 m<sup>3</sup> milli Miðhólma og Skiphólma og um 10.000 m<sup>3</sup> í garðinn úr Skiphólma í Helenuflúð. Gert er ráð fyrir að sprengja um 110.000 m<sup>3</sup> af fastri klöpp sem nái yfir um 12.000-15.000 m<sup>2</sup> svæði. Annars vegar verði efni tekið úr námu í Vestari-Hraungarði á Kolbeinstanga og hins vegar verði efni nýtt sem til fellur við fyrirhugaðar dýpkunarframkvæmdir í höfninni ef það reynist hentugt. Áður hefur verið tekið efni úr námunni í Vestari-Hraungarði og liggur að henni vegslóði.

Samkvæmt gögnum framkvæmdaraðila eru umhverfisáhrif framkvæmdanna nokkur, en samt sem áður í lágmarki miðað við þann árangur sem næst með þeim. Sjónræn áhrif garðsins milli Skiphólma og Miðhólma eru talin einna mest en þó líklega minni en samkvæmt öðrum tillögum sem fram hafa komið. Ekki liggja fyrir athuganir á lífríki og fjörum hólmannna við Vopnafjarðarhöfn.

Að mati framkvæmdaraðila hafa framkvæmdirnar ekki umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér og eigi því ekki að vera háðar mati á umhverfisáhrifum.

## **ÁLIT UMSAGNARAÐILA OG SVÖR FRAMKVÆMDARAÐILA**

### **Almennt**

Í umsögn Vopnafjarðarhrepps kemur fram að fyrirhuguð framkvæmd skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Í umsögn Heilbrigðiseftirlits Austurlands kemur fram að ekki sé gerð krafa um að bygging varnargarða skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Í umsögn Hollustuverndar ríkisins kemur fram að ekki sé gerð krafa um að gerð brimvarnargarðs og dýpkun í innsiglingu skuli ein og sér háð mati á umhverfisáhrifum.

Í umsögn Náttúruverndar ríkisins kemur fram að fyrirhuguð framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

## **Brimvarnargarðar**

Í umsögn Náttúruverndar ríkisins kemur fram að staðhæfing framkvæmdaraðila um að áhrif brimvarnargarða á lífríki verði að teljast hverfandi sé ekki rökstudd. Engar athuganir liggi fyrir á lífríki hólmannna og fjörunnar. Ekki komi fram hvort framkvæmdin breyti straumum í nágrenni hafnarinnar og hvort eða hvaða áhrif gætu orðið í nánasta umhverfi hafnarinnar.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að áhrifum fyrirhugaðra garða megi skipta í fernt, þ.e. lífríki hólma á landi, lífríki sjávar innan garða, lífríki sjávarbotns undir görðum og lífríki sjávar utan garða. Ekki sé talið að afgerandi munur sé á lífríki Miðhólma og Skiphólma, en Miðhólmi hafi verið tengdur við land með garði árið 1969. Því megi leiða að því rök að lífríki Skiphólma breytist lítið við tengingu við land. Lífríki innan hólma kunni að breytast með tilkomu brimvarnargarðsins. Lífríki sjávarbotns undir görðum komi til með að breytast mikið og það botndýralíf sem er til staðar komi til með hverfa á þeim 17.000 m<sup>2</sup> sem þeir þeki á hafsbotni. Grjótgarðar séu hins vegar undirstaða annars lífs sem nýti holrýmið milli steinanna. Umhverfis garðana sé botninn einsleitur. Ekki sé talið að þetta hafi afgerandi áhrif á heildarlífríki svæðisins, þar sem það svæði sem fari undir garðinn sé mjög líttill hluti þess svæðis.

Verið geti að breyting á straumum geti valdið breytingum á lífríki utan garða. Hins vegar séu straumar vegna sjávarfalla mjög veikir. Breyting á straumþversniði fjarðarins sé mjög lítið og því ekki hægt að búast við miklum breytingum á straumum.

Í umsögn Hollustuverndar ríkisins er bent á að fram komi í erindi framkvæmdaraðila að í reynd sé um að ræða mun umfangsmeiri framkvæmdir en erindið fjalli um. Auk byggingar grjótvarnargarðs sé dýpkun upp á u.þ.b. 90.000 m<sup>3</sup>, bygging viðlegukanta og aðrar breytingar á hafnaraðstöðunni. Einnig kemur fram að á undanförunum árum hafi farið fram umtalsverðar framkvæmdir á hafnarsvæðinu.

Fram kemur að Hollustuvernd ríkisins leggi til við Skipulagsstofnun að metið verði hvort umhverfisáhrif heildarbreytinga á Vopnafjarðarhöfn með byggingu hafnarkants, brimvarnargarðs, framkvæmdum í smábátabryggju og öðrum tengdum framkvæmdum, ásamt dýpkun í innsiglingu og í höfninni skuli metin.

## **Efnistaka**

Í umsögn Náttúruverndar ríkisins kemur fram að efnistaka sem slík vegna framkvæmdanna teljist matsskyld samkvæmt 1. viðauka laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum þar sem áætlað magn af grjóti til framkvæmdanna sé um 160.000 m<sup>3</sup>. Í gögnum Siglingastofnunar sé gert ráð fyrir dýpkun hafnarinnar og að þar falli til um 89.000 m<sup>3</sup> sem nýst gætu að hluta sem undirlag fyrir brimvarnargarð milli hólma og í garð yfir í Helenuflúð. Ekki sé þó vitað hvort þessir 89.000 m<sup>3</sup> nýtist. Bent er á að erfitt sé að meta matsskyldu framkvæmda ef ekki liggi fyrir nákvæmar magntölur, auk upplýsinga um heildarstærð þeirra svæða sem raskað verði vegna mannvirkis, förgunar efnis og efnistöku.

Í svörum framkvæmdaraðila er bent á að í greinargerð komi fram að heildar rúmmetrafjöldi efnistöku vegna brimvarnargarða sé 110.000 m<sup>3</sup> í fastri klöpp. Þegar hún hafi verið sprengd sé um að ræða um 160.000 m<sup>3</sup> af lausu grjóti. Efnisvinnslan muni fara fram á svæði, sem sé

12.000-15.000 m<sup>2</sup>. Námuvinnslan sé því vel undir mörkum í 1. viðauka við lög nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum, en falli hins vegar undir 2. viðauka.

Einnig kemur fram að um 89.000 m<sup>3</sup> af efni komi úr dýpkun hafnarinnar. Jafnframt að verið sé að athuga þann möguleika að nýta hluta efnisins sem fyllingu undir brimvarnargarðinn. Misskilningur sé að búið sé að draga hluta dýpkunarefnis frá áætlaðri efnisþörf úr námu í garða. Þegar erindi Hafnarstjórnar Vopnafjarðar var sent Skipulagsstofnun hafi ekki verið búið að kanna kornakúrfur dýpkunarefnis, en það hafi nú verið gert. Niðurstaða þeirrar athugunar hafi verið að lausa efnið sé fínna en búist var við. Því sé gert ráð fyrir að lausu efni verði fargað en það sem verði sprengt eða fleygað úr klöpp verði sett í garðstæði. Komi í ljós meðan á framkvæmd stendur að lausa efnið verði grófara verði metið hvort það verði losað í garðstæðið. Ljóst sé að allt það efni úr dýpkuninni sem nýtast kunni í brimvarnargarðana minnki efnistöku sem því nemur niður fyrir 110.000 m<sup>3</sup>.

## **NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR**

Sett er fram ein megintillaga um útfærslu brimvarnargarða við höfnina á Vopnafirði, tillaga C. Um er að ræða byggingu 360 m langs brimvarnargarðs milli Miðhólma og Skiphólma við Vopnafjarðarhöfn, byggingu skjólgarðs frá Skiphólma yfir í Helenuflúð, lagningu um 100 m langs vegar með fjörunni landmegin í Miðhólma og hugsanlega gerð bráðabirgðavegar í Skiphólma vegna efnisflutninga úr Skiphólma yfir í Helenuflúð. Gert er ráð fyrir að um 110.000 m<sup>3</sup> verði sprengdir úr fastri klöpp í námu í Vestari-Hraungarði á Kolbeinstanga og að efni sem til fellur við dýpkun hafnar verði notað að einhverju leyti.

Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt liðum 10 h og 2 a í 2. viðauka laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum. Tilgangur framkvæmdarinnar er að skapa nægjanlegt skjól við hafnarkanta í Vopnafjarðarhöfn.

### **Brimvarnargarðar**

Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila hefur komið fram að umhverfisáhrif framkvæmdanna séu nokkur, en í lágmarki miðað við þann árangur sem náist með þeim. Sjónræn áhrif verði einna mest, en þó líklega minni en samkvæmt öðrum tillögum sem komið hafa fram.

Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila hefur komið fram að ekki sé vitað til þess að neinar sérstakar athuganir hafi verið gerðar, eða liggi fyrir, á lífríki eða fjörum hólmannanna sem framkvæmd hefur áhrif á. Í umsögn hefur einnig verið bent á að upplýsingar skorti um áhrif brimvarnargarðanna á lífríki innan hafnarinnar og í nágrenni hennar.

Skipulagsstofnun telur ljóst að framkvæmdir við brimvarnargarð samkvæmt þeirri tilhögun sem kynnt er í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila komi til með að breyta verulega ásýnd staðarins með landtengingu Skiphólma með brimvarnarmannvirkjum og framlengingu til suðurs að Helenuflúð. Ekki hafi verið sýnt fram á það í framlögðum gögnum að framkvæmdin hafi ekki í för með sér umtalsverð sjónræn áhrif vegna staðsetningar fyrirhugaðra framkvæmda og þess fjölda fólks sem ætla megi að verði fyrir áhrifum.

Stofnunin telur að takmarkaðar upplýsingar liggi fyrir um áhrif framkvæmda á lífríki þar sem ekki liggi fyrir neinar athuganir á lífríki svæðisins. Því sé ekki ljóst hver áhrif brimvarnargarða

og framkvæmda við þá hafi á lífríki svæðisins.

### **Efnistaka**

Í umsögn hefur komið fram að efnistaka úr námu í Vestari-Hraungarði teljist matsskyld samkvæmt 1. viðauka laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum þar sem áætlað magn af grjóti til framkvæmdanna sé yfir viðmiðunarmörkum. Skipulagsstofnun bendir á að viðmiðunarmörk um umfang efnistöku í fyrirnefndum lögum hljóti að miðast við rúmmál efnis sem raskað er óháð því hvert rúmmálið verður eftir að það hefur verið sprengt eða meðhöndlað á annan máta. Því falli efnistaka vegna brimvarnargarða við Vopnafjarðarhöfn undir 2. viðauka laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum. Fyrirhuguð efnistaka mun fara fram í opinni námu í Vestari-Hraungarði og hefur verið lagður vegslóði að henni. Skipulagsstofnun telur að efnistaka þar muni ekki hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

### **Skipulag og leyfi**

Í gildi er Aðalskipulag Vopnafjarðar 1980-2000 frá 30. nóvember 1984, sem nær yfir þéttbýlið og höfnina. Megintillaga framkvæmdaraðila, tillaga C, er ekki í samræmi við það og þarf því að breyta Aðalskipulagi Vopnafjarðar 1980-2000.

Framkvæmdir við brimvarnargarð og efnisnám eru háðar framkvæmdaleyfi Vopnafjarðarhrepps skv. 27. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.b. Þar sem ekkert skipulag er í gildi á efnistökusvæðinu þarf sveitarstjórn að óska eftir meðmælum Skipulagsstofnunar skv. 3. tl. brbákv. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 til að geta veitt framkvæmdaleyfi fyrir efnistökkunni. Efnisnám er háð starfsleyfi Heilbrigðisnefndar Austurlands skv. reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun. Þá er heimild vegna dýpkunar og förgunar dýpkunarefna á verksviði Hollustuverndar ríkisins skv. lögum nr. 32/1986 um varnir gegn mengun sjávar og leiðbeinandi reglum Hollustuverndar ríkisins um meðferð dýpkunarefnis.

### **Niðurstaða**

Í samræmi við 6. grein laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu framkvæmdaraðila við tilkynningu, umsagnir og svör framkvæmdaraðila við þeim. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að gerð brimvarnargarðs á Vopnafirði kunni að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því háð mati á umhverfisáhrifum skv. lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum. Ekki er ljóst af framlögðum gögnum hver áhrif fyrirhugaðs brimvarnargarðs verða á lífríki þar sem ekki liggja fyrir athuganir á lífríki svæðisins eða áhrifum framkvæmda á það. Þá er ljóst að sjónræn áhrif munu hljótast af framkvæmdum og ásýnd staðarins breytast með tilkomu grjótgarða milli hólmana beint utan bæjarstaðis Vopnafjarðarkaupstaðar. Efnistaka í Vestari-Hraungarði mun ekki hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér. Hins vegar telur Skipulagsstofnun æskilegt að við mat á umhverfisáhrifum brimvarnargarða við Vopnafjarðarhöfn verði fjallað um efnistöku í Vestari-Hraungarði. Framkvæmdirnar sem um ræðir tengjast öðrum framkvæmdum og breytingum á hafnaraðstöðu á Vopnafirði sem felast m.a. í breytingu á innsiglingu, dýpkun hafnar og byggingu nýrrar löndunarbryggju. Skipulagsstofnun telur að hér sé eingöngu til skoðunar gerð brimvarnargarða við Vopnafjarðarhöfn ásamt efnistöku úr Vestari-Hraungarði.

Skipulagsstofnun telur byggingu brimvarnargarðs kunna að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif vegna sjónrænna áhrifa og skorts á upplýsingum um lífríki svæðisins m.t.t. laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum. Með vísan til 3. viðauka með lögunum varðar það sérstaklega umfang framkvæmdar, þ.e. það svæði og fjölda fólks sem ætla má að verði fyrir áhrifum, það hverjar líkur eru á áhrifum og óafturkræfi áhrifa (tl. 3 i, iii, iv), og staðsetningu framkvæmdar, þ.e. álagsþols náttúrunnar með tilliti til strandsvæða (tl. 2 iv b).

Samkvæmt 6. grein laga nr. 106/2000 má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 6. september 2001.

Hólmfríður Sigurðardóttir

Óli Halldórsson

Afrit.

Umhverfisráðuneytið, Vopnafjarðarhreppur, Heilbrigðisnefnd Austurlands, Hollustuvernd ríkisins, Náttúruvernd ríkisins.